

Hörður Jóhannsson

Afhending 1018/2

Hörður Jóhannsson fæddist á Syðra-Laugalandi í Öngulsstaðahreppi í Eyjafirði 13. apríl 1929. Hann lést í janúar 2010. Hörður var elstur af 6 systkinum og ólst upp á Garðsá í Öngulsstaðahreppi. Þar stundaði hann búskap til 35 ára aldurs ásamt foreldrum sínum en árið 1964 brugðu þau búi og Hörður flutti á Akureyri.

Hörður var bókasafnari og var ungur að árum þegar hann uppgötvaði ástríðu sína á bókum. Hann hafði aðstöðu til bókbands á heimili sínu þar sem hann dundaði við að binda inn bækur og kver. Hann vann í 2 ár í raflagnadeild KEA áður en hann fékk starf á Amtsbókasafninu á Akureyri, en þar vann hann í 28 ár.

Hörður stundaði frjálssar íþróttir sem ungur maður og keppti á fjölmörgum mótum og í landskeppnum. Hann starfaði einnig innan Ferðafélags Akureyrar og hafði gaman af ferðalögum.

Árið 1965 giftist Hörður Sigríði Margréti Hreiðarsdóttur frá Laugabrekku í Hrafnagilshreppi og þau eignuðust fjórar dætur.

Afhendingin fannst við tiltekt og inniheldur kápur og laus blöð sem Hörður var að binda. Hann kom sjálfur með skjölin í nokkrum heimsóknum. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
6. desember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
Hörður Jóhannsson (1929-2010), bókavörður			1018 / 2	
AA-Hörður Jóhannsson almennt			-	
1018 - AA / 1	1	-	Laus blöð úr einhverjum handritum, komin úr gömlum bókarkápum, sem Hörður var að binda.	Er ekki í aðfangabók. Blöðin komu ekki öll á sama tíma.
1018 - AA / 1	2	-	Kápur af bókum sem Hörður var að binda (efniviður m.a. viður, skinn og handrit)	Er ekki í aðfangabók. Kom ekki allt á sama á sama tíma